

Foldaskóli 2025-2026 - 8. bekkur

Vetraráætlun – enska

Kennarar

Freyja Sól Pálsdóttir Hólm frejja.sol.palsdottir.holm@reykjavik.is

Bergsteinn Gunnarsson bergsteinn.gunnarsson@reykjavik.is

Námsefni:

Spotlight 8 – lesbók og vinnubók

Skáldsaga: Forrest Gump eftir Winston Groom

Kvikmyndir (3 kvikmyndir yfir skólaárið)

Valið efni eftir því sem við á

Námsmat:

Í Foldaskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Unnið er út frá uppfærðum hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla (2011). Nemendur í 8. - 10. bekk fá árangur sinn metinn á bókstafakvarða sem endurspeglar þá vinnu sem þeir hafa unnið jafnt og þétt yfir skólaárið. Í náms- og kennsluáætlunum kemur fram hvaða hæfniviðmið liggja til grundvallar hverri námsgrein. Í Mentor er hægt að fylgjast með framvindu námsins í verkefnabók nemenda. Ætlast er til að nemendur mæti tímanlega í kennslustund með öll gögn. Mikilvægt er að nemendur virði vinnufrið og geri ætíð sitt besta. Orðabækur eru aðgengilegar í skólanum bæði í prenti og á netinu, en einnig er æskilegt að nemendur hafi aðgang að orðabókum heima. Verkefnaskil munu fara fram í gegnum google classroom svæði bekkjarins.

Með von um gott samstarf í vetur. Gangi ykkur vel.

Kennarar áskilja sér rétt til breytinga

Eftirfarandi hæfniviðmið eru metin í öllu starfi vetrarins:

- Sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum
- Geti sinnt hlutverki sínu í samstarfi og axlað ábyrgð

Hæfniviðmið -Að nemandi geti	Lotur	Námsmat
- Skrifað texta af mismunandi gerðum með inntak og lesanda í huga - Samið einfalda texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín - Beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt og skapað samhengi í texta	Ágúst/september <i>Spotlight: Animal Power</i> - Unnið með valda texta Kvikmynd: Billy Elliot Málfræði: persónufornöfn, eignarforöfn, nútíð og úrfellingarmerki	- Tímaritun: My dream
- Lesið sér til gagns og ánægju einfaldar smásögur og skáldsögur og unnið með efni þeirra - Undirbúið og flutt frásögn eða kynningu og brugðist við einföldum spurningum - Beitt málinu með nokkuð eðlilegum framburði og áherslum - Lesið og skilið texta við hæfi sem innihalda algengan orðaforða - Fundið lykilupplýsingar í texta og nýtt sér í verkefnavinnu - Beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt og skapað samhengi í texta	Október/nóvember <i>Spotlight: Me and You and Everybody Else</i> - Unnið með valda texta Lestur: Forrest Gump Kvikmynd: Forrest Gump Málfræði: <i>to be, to have</i> og reglulegar sagnir í þátíð	- Kynning byggð á skáldsögu - Kaflapróf úr Spotlight

- Hlustað eftir aðalatriðum, greint þau og nýtt sér í námi sínu	Desember Uppsóp ef eitthvað af efni haustsins hefur tafist	- Hlustunarpróf
---	---	-----------------

- Notað málið til samskipta í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal - Tekið þátt í óformlegu samtali um áhugamál sín og daglegt líf - Beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt og skapað samhengi í texta - Lesið og skilið texta við hæfi sem innihalda algengan orðaforða - Lesið og skilið auðlesið efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum	Janúar <i>Spotlight: Sports of All Sorts</i> - Unnið með valda texta Kvikmynd: Bend it like Beckham Málfræði: hjálparsögnin <i>do</i>, spurnarorð og óreglulegar sagnir í þátíð	- Samskiptaverkefni - Miðsvetrarpróf - Glæruverkefni: the environment
- Samið einfalda texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín - Beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt og skapað samhengi í texta	Febrúar <i>Spotlight: Fashion and Looks</i> - Unnið með valda texta Málfræði: ábendingarfornöfn, tilvísunarorð, fleirtala og óákveðinn greinir	- Ritunarverkefni: smásaga

- Notað málið til samskipta í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal - Flutt tilbúið eða frumsamið efni, einn eða í félagi við aðra - Tjáð sig um reynslu sína og skoðanir og brugðist við einföldum spurningum - Skipulagt, ígrundað og borið ábyrgð á eigin námi - Fylgt þræði í efni við hæfi á margvíslegum miðlum og nýtt í námi sínu - Skilið talað mál og frásagnir um efni tengt námi hans og daglegu lífi, brugðist við þeim og nýtt sér í námi sínu	Mars <i>Spotlight: Fast and Furious</i> - Unnið með valda texta Málfræði: stigbreyting lýsingarorða, núliðin tíð og framtíð	- Frásögn: Viðtal við vin - Hlustunarpróf
- Sýnt að hann þekkir til ýmissa þátta sem einkenna menningu og daglegt líf - Sett sig í spor fólks á viðkomandi málsvæði og gert sér grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt með hans eigin aðstæðum	Apríl/maí <i>Spotlight: Britain Is Great & The USA - Last but Not Least</i> - Unnið með valda texta Uppsóp ef eitthvað hefur tafist frá vorinu/einhver verkefni vantar	- Verkefni: Landkynning